

SVALBARDAFOSSAR, DALASÝSLU.

Undirritaður kom að Svalbarðafossu 29. maí '52 ásamt hr. verkfr. Lofti Þorsteinssyni.

Við gerðum engar mælingar, töldum ekki ástæðu til þess. Rennsli árinna (Tunguá) var skv. lauslegri athugun nálægt $1 \text{ m}^3/\text{sek. p.e.a.s um } 30 \text{ l/sek. pr. km}^2$. Úrkomusvæðið er 32 km^2 .

Vorleysingin, sem hófst um miðjan maí var afstaðin, enda er þetta snjólétt svæði. Tröllakirkja og Snjófjöll skýla gegn austan átt, raki norðaustlægrar áttar þéttist og fellur niður á úrkomusvæði Haukadalsár. Í suðvestri og suðri skýlir mikill fjallgarður. Úrkomusvæði Svalbarðafossa liggur því hlémegin gegn úrkomuáttum. Tunguá er dragá. Minnsta rennsli setti jafnvel að fara undir 200 l/sek . Athugun á vetrarrennslinu er nauðsynleg áður aðhafst er nokkuð til virkjunar Svalbarðafossa.

Til samanburðar má geta þess, að þennan dag, 29. maí, var rennsli Haukadalsár $13,4 \text{ m}^3/\text{sek}$, þar dreyfir Haukadalsvatn flóðöldu vorleysinganna yfir lengra tímabil heldur en Tunguár. Rennslið í Haukadalsá var 83 l/sek. km^2 .

Fallhæð. Svalbarðafossar eru tveir með rösklega 100 m millibili (eftir sjónhendingu) og fallhæð af stærðargráðunni 10 metrar .

SKW.

Reykjavík, 30/6 '52.

Sigurjón Rist.

(sign.)